E R I N D I S B R É F

Ábyrgðarmaður:

Bæjarstjóri Kópavogsbæjar

Hlutverk starfshóps:

Frumskylda Kópavogsbæjar er að stuðla að öryggi og velferð borgaranna.

Neyðarstjórn Kópavogsbæjar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana þegar neyðarástand skapast til að forgangsraða lögbundinni þjónustu, samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almannaheill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða. Að öðru leyti helst stjórnskipulag Kópavogsbæjar óbreytt og ber hver stjórnandi ábyrgð á sínum starfsvettvangi/ sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi.

Bæjarstjóri er formaður neyðarstjórnar Kópavogsbæjar og er hún virkjuð á hættustundu sem nær bæði yfir hættustig sem og neyðarstig almannavarna. Neyðarstjórn er ætíð virkjuð á neyðarstigi og hættustig eftir þörfum. Neyðarstjórn hefur heimild til að taka ákvarðanir og stofna til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun í neyðartilfellum enda sé um slík tilfelli að ræða að afgreiðslu þeirra þoli enga bið.

Bæjarstjóri er ásamt bæjarráði með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Fagsvið, skrifstofur og fyrirtæki sveitarfélagsins bera hvert í sínu lag ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Bæjarráð veitir aðrar nauðsynlegar heimildir vegan sérstakra fjárútláta og er á neyðarstigi í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar.

Neyðarstjórn Kópavogsbæjar starfar samkvæmt viðbragðsáætlun sveitarfélagsins. Starfsmaður hópsins ber ábyrgð á fundarboðum, undirbúningi funda, fundarritun og úrvinnslu í samráði við bæjarstjóra. Fundargerðir eru samþykktar af Neyðarstjórn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Neyðarstjórn skipa

Bæjarstjóri, formaður

Sviðsstóri stjórnsýslusviðs (bæjarritari)

Sviðsstjóri velferðarsviðs

Sviðsstjóri menntasviðs

Sviðsstjóri umhverfissviðs

Sviðsstjóri fjármálasviðs

Mannauðsstjóri

Almannatengill

Varamenn

Staðgenglar sviðsstjóra

Starfsmaður

Almannatengill er starfsaður Neyðarstjórnar Kópavogsbæjar

Helstu samstarfsaðilar

Unnið er með starfsfólki almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins, öðrum neyðarstjórnum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, ásamt öðrum stofnunum sem eiga við innan og utan Kópavogsbæ.

Starfstímabil

Neyðarstjórn Kópavogsbæjar starfar á tímabilinu 2022-2026.

Ásdís Kristjánsdótt, bæjarstjóri.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026